



Götubílaflokkur 2010

Hæfar bifreiðar.

1. Bifreiðar skulu vera á númerum og tryggðar, keppanda er skylt að hafa tryggingaviðauka til keppna og æfinga.
2. Bifreiðar skulu hafa fullnaðar skoðun frá skoðunarstöð, eða endurskoðun innan uppgefins tíma skoðunarstöðvar og skal keppandi sýna fram á að viðgerð hafi farið fram og öll skoðunatriði séu í lagi. Það er á ábyrgð keppenda að sýna skráningarskírteini og viðeigandi pappíra við keppnisstoðun.
3. Hjólbarðar skulu vera löglegir og D.O.T merktir, leyfilegt er að skera í dekk en ekki breiðari skurði en 10mm og skal þá brún yfir í næsta skurð 10mm eða meira. Bannað er að skera heila kubba úr dekkjum. Stærð hjólbarða er frjál. Aðeins má stækka dekk um 10% frá því sem bíllinn er skráður á í skráningarskírteini.
4. Notkun hálkubúnaðar er heimil í samræmi við íslenskar reglur. Allur slíkur búnaður, hvort heldur eru sérstök dekk eða naglar, skulu vera í samræmi við íslensk umferðarlög og reglugerðir um þessi atriði. Stjórnendur geta þó alltaf veitt upplýsingar í þessum efnum. Þó mun eftirfarandi ávallt vera bannað:
Keðjur á hjólbarða.
Málmhjól eða málmspyrnur.
5. Allar keppnisbifreiðar skulu meðan á keppni stendur hafa:
Opnar bifreiðar skulu hafa veltibúr úr lágmarksefni 42mm x 2.5mm, með skástífu (nánar í veltibúrareglum FIA). Skástífa má vera boltuð í en samkvæmt reglum FIA.
Lokaðar bifreiðar skulu hafa veltiboga úr lágmarksefni 42mm x 2.5mm. Boginn á að vera yfir ökumanni og þá annar aftast og stífur milli þeirra, eða bogi yfir ökumanni og stífur úr boga ská niður í gólf í ca 45° halla. (Nánar í veltibúrareglum FIA)
Plattar undir veltibúr skulu vera 120 fersentimetrar.
Belti af viðurkenndri gerð, í opnum bíl fjögurra punkta beltí skylda, í lokuðum bíl lágmark þriggja punkta en fjögurra punkta æskileg.
Tryggilega festan og óskemmdan stól, körfustóll æskilegur.
Dráttarkrók eða auga að framan og aftan.
Rafgeymir skal vera tryggilega festur og ef rafgeymir er staðsettur í ökumannsrými skal það vera þurrgeymir.
Straumrofa sem drepur á og rýfur aðalstraum ökutækis, barki skal tengdur straumrofanum sem er staðsettur undir framrúðu vinstramegin (bílstj.megin) og drepur á bílnum sé togað í hann, útfærsla frjálsv svo lengi sem barkinn virkar og er greinilegur.



Ekki skal vera hægt að ræsa sjálfskipt ökutæki nema í P og N.

Tryggilega festan eldsneytistank með þétu loki og vel frágenginni öndun.

Baksýnispegill skylda.

Opnar bifreiðar skulu hafa plötu í toppi, álplata lágmark 2mm eða 1.5mm stál, með lágmark fjórum festingum. Pústróra klemmur 8mm eða soðin eyru eru ákjósanlegur kostur því ekki má bora í veltigrind/búr.

Allan búnað í bifreiðinni tryggilega festan.

Slökkvitæki skal staðsett í bifreiðinni þannig að ökumaður nái í það úr bílstjórásæti, spenntur í belti.

Stærð slökkvitækis er 2kg eða 2 stk. 1kg tæki.

6. Eldsneyti skal fást á bensínstöðvum, nitró gas er bannað.
7. Keppnisaðili á að hafa á reiðum höndum allar vitneskju um bílinn og búnað hans sé hann spurður.
8. Æskilegt er að fjarlægja rúður úr ökutækjum, eða skrúfa þær niður.
9. Net á að vera fyrir hliðarúðugati bílstjóramegin, í opnum bílum skal vera net alveg fyrir hurðaropi.

Hæfir keppendur

1. Ökumaður skal hafa gilt ökuskirteini og keppnisskirteini útgefið af Akstursípróttanefnd ÍSÍ.
2. Ökumaður og aðstoðarmenn skulu vera félagar í klúbbi með aðild að ÍSÍ.
3. Ökumaður ber ávallt ábyrgð á aðstoðarmönnum sínum.

Búnaður ökumanns

1. Hjálmur af viðurkenndri gerð, óskemmdur.
2. Eldtefjandi galli, leyfilegt er að nota kart galla eða rafsuðugalla (með stroffum á höndum og fótum).
3. Kragi og hanskar æskilegir.

Skýringar.

1. Opinn bíll, er bíll með losanlegan topp eða blæju og lokaður bíll er bíll með ásoðinn topp.